


AFSTÖÐUMYND 1:500

**SKIPALÓN 7 :**
Landnr. 203306 Staðgreinir: 75700050.
Einangrun hússins, fyrirkomulag bílastæða á lóð, aðgengi og innra skipulag íbúða er hannað á grundvelli byggingarreglugerðar frá 1998, skv. ákvæði til bráðabirgða í gildandi reglugerð.

**ÍBÚÐIR:** Í húsinu eru 32 íbúðir í einu stiga/lyftuhúsi. Í húsinu eru tvær sameiginlegar hjóla- og vagnageymslur og ein sorpgeymsla.
Undir um helmingi bílastæðaplans hússins er bílageymsla.
Tveggja herbergja íbúðir eru 4 talsins, 9 íbúðir þriggja herbergja, 13 íbúðir fjögurra herbergja, 6 íbúðir fimm herberja.
Íbúð 01-02 á 1. hæð hentar hreyfihömluðum.

STÆRÐIR:

| | FLÖTUR | RÚMMÁL |
|---|---|---|
| Kjallari án bílgeymslu | 367,9 m² | 1.042,2 m³ |
| 1.hæð | 703,8 m² | 1.999,8 m³ |
| 2.hæð | 704,1 m² | 2.000,6 m³ |
| 3.hæð | 704,1 m² | 2.000,6 m³ |
| 4.hæð | 704,1 m² | 2.000,6 m³ |
| 5.hæð | 641 m² | 2.022,9 m³ |
| Botnflötur | | 240,2 m³ |
| Stærð húss samtals | 3.825 m² | 11.311,4 m³ |
| B-rými samtals | 610,7 m² | |
| Bílageymsla | 453,7 m² | 1.270,4 m³ |
| **Heildarstærð** | **4.278,7 m²** | **12.577,3 m³** |
| Lóðarstærð | 3.397 m² | |
| Nýtingarhlutfall (A+B-bílag.) / lóð | 4.422,7 m² / 3.397 m² = 1,30 | |

**BÍLASTÆÐI:** Bílastæðakrafan hljóðar upp á 1,75 bílastæði per íbúð. Alls eru 56 bílastæði, þar af 40 stæði á lóð og 16 stæði í bílageymslu. 2 sérmerkt stæði fyrir fatlaða, eitt í bílageymslu og eitt á lóð.

**BYGGINGARLÝSING :**
**Húsið er steinsteypt fjölbýlishús, fimm íbúðahæðir og kjallari.**

**Botnplata** og sökklar eru einangruð með 75mm einangrun.
Kólnunartala botnplötu er 0,3 W/ m² °C, eða betri.

**Plata ofan á bílageymslu** er staðsteypt 27 cm þykk. Ekki verður leyfð þungaumferð um plötuna. Sett verður skilti við plötubrún. Bílaplanið verður malbikað. Gólfið í bílageymslunni verður einnig malbikað.

**Útveggir** eru staðsteyptir og einangraðir að utanverðu með 100mm steinullarplötum.
Utan á einangrun er báruð álklæðning, slétt að hluta til og viðarklæðning.
Kólnunartala útveggja er 0,4 W/ m² °C, eða betri.
Litir utanhúss eru með ljósu yfirbragði.
**Svalagangar** eru óupphitaðir. Framan á svalgöngum eru lóðréttir stálprófílar með u.þ.b. 1 meters millibili. Á milli þeirra eru skífur úr hertu öryggisgleri. Í 90 cm hæð er handlisti, bakvið glerið.

**Gluggar** eru ál-tré gluggar. Einangrunargildi glugga og hurða er 2,0 W/m²K

**Innveggir** eru hefðbundnir gifsplötuveggir , 12-15 cm á þykkt.
Allar klæðningar eru í brunaflokki 1.

**Þak** er einangrað á steinsteypta plötu með plasteinangrun ( „styrisol" ) skáskorinni í tveimur lögum, samt 180 mm þykkt.
Heilbræddur tjörupappi er undir einangrun á þaki og þakköntum.
Þakpappinn er í brunaflokki **T.**
Kólnunartala þakflata er er 0,2 W/ m² °C, eða betri

**Aðallagnaleiðir** í húsinu eru í stokkum á bak við vegghengd salerni.

**Hljóðvist.** Lofthljóðeinangrun á milli íbúða skal vera amk. 52 dB og högghljóðeinangrun a.m.k. 63 (58) dB.

**Sorp.** Ein sorpgeymsla er í húsinu, á 1. hæð fyrir miðju húsi. Hún samnýtist af öllum íbúum hússins.

**Brunavarnir.** Veggir milli íbúða eru EI90 (staðsteyptir). Hurðir úr stigahúsi inn í íbúðir eru EICS 30. Klæðningar innanhúss eru amk. í flokki 1.
Reyklosunarlúga, 100x100 cm, er staðsett á toppi lyftustokks og opnast hún við boð frá reykskynjurum framan við lyftu. Stýribúnaður vegna reyklosunar er þjónustaður frá þaki.
Hurðir á lyftu eru EIC 30.
Svalgangar verða lokaðir með hertu gleri með a.m.k. 60 cm op við plötu að ofan, en a.m.k. 10 cm op við gólfplötu. Hægt er að reisa stiga slökkviliðs við enda svalgangsins fjærst stigahúsinu á 2.-4.hæð, ysta svalaglerið er þannig frágengið að slökkvilið getur opnað það utan frá og verður það merkt. Fjarlægð frá stigahúsi að íbúðarhurð er að hámarki 25 metrar á 2.-4. hæð og 15 metrar á 5.hæð.
Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m.
Í hverri íbúð eru að minnsta kosti tveir reykskynjarar og handslökkvitæki sbr. grein 92.3 í byggingarreglugerð.
Bílageymsla verður sér brunasamstæða með a.m.k. R60, en burðavirki og hæðaskil sem þjóna íbúðarhúsi verða a.m.k. R90/REI90. Í bílageymslunni eru brunaslöngur, sem ná út í öll horn hennar, neyðarlýsing og ÚT-ljós. Einnig er þar sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð. Reyklosun frá bílageymslunni er um innkeyrsludyr og glugga á öðrum enda geymslunnar og um reykræsiop í hinum endanum. Loftútsog í bílageymslu er frá gólffleti með vélknúnum búnaði. Flóttaleiðir frá bílageymslu eru annars vegar út um innkeyrsludyr og hinsvegar um stigahús upp á 1. hæð og þaðan út. Ekki verður leyfð þungaumferð um plötu ofan á bílakjallara og verður sett skilti við plötubrún.
Aðkoma slökkviliðs er um bílaplan norðaustan við húsið að skilti við plötubrún, frá götu norðvestan og suðvestan við húsið. Bílaplan Skipalóns 5 er björgunarsvæði.

**Útsog er frá öllum lokuðum gluggalausum rýmum**. Ferskloftsinntök eru í öllum íbúðum.

**Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50.**

**Bílageymslan er einangruð og upphituð.**
Snjóbræðsla er í innkeyrslunni að bílageymslunni og gönguleiðum að aðalinngöngum og í tröppum niður að bílageymslu.

Samþykkt þann
09 NOV 2012
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Úr Gildi

30.10.2012

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |


ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR
Sigurlaug Sigurjónsdóttir Arkitekt F.A.Í. kt:080767-5819 sigurlaug@ask.is

ASK ARKITEKTAR


VERKEFNI
SKIPALÓN 7
HAFNARFIRÐI

TEGUND TEIKNINGAR
AÐALTEIKNING
HEITI TEIKNINGAR
AFSTÖÐUMYND

MKV: A1 1:500
HANNAÐ SS
TEIKNAÐ UEF
YFIRF. SS
DAGS 16.10.2012
ÚTGÁFA

VERK NR 0779
AUÐKENN - NÚMER TEIKNINGAR 10-01


© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU